

## Tillögur C-nefndar að texta í áfangaskjal<sup>1</sup>

með skýringum<sup>2</sup>

Lagt fram til kynningar á ráðsfundi 24. júní 2011


### Kosningar til Alþingis og alþingismenn

#### 1. gr. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

Breytingatillaga C-nefndar í áfangaskjal	Breytingatillaga: Lýður
<p>Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.</p> <p>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.</p> <p>Kjósendur geta annað hvort valið með persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá ekki taka afstöðu til frambjóðenda. Kjósendur skulu geta merkt við slembiúrtak á kjörseðli. Auðir kjörseðlar skulu vera metnir sem slíkir og vega jafnt á við önnur atkvæði.</p> <p>Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.</p> <p>Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra, sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.</p> <p>Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.</p> <p>Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.</p>	<p>Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum, leynilegri kosningu til fjögurra ára.</p> <p>Á kjörseðli skulu kjósendur geta valið frambjóðendur bæði á landsvísu og innan síns kjördæmis. Kjósendur skulu geta valið frambjóðendur af fleiri en einum framboðslista. Kjósendur skulu geta valið einungis framboðslista en teljast þá ekki taka afstöðu til frambjóðenda. Kjósendur skulu geta merkt við slembiúrtak á kjörseðli. Auðir kjörseðlar skulu vera metnir sem slíkir og vega jafnt á við önnur atkvæði.</p> <p>Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. Í lögum má þó mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en 2/5 þeirra sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur meðaltali að baki allra þingsæta.</p> <p>Frambjóðendur hvers framboðs mega að hámarki vera 126.</p> <p>Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.</p> <p>Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.</p> <p>Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.</p>

<sup>1</sup> Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

<sup>2</sup> Grænt/undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar.



Þjóð til þings  
Stjórnlagaráð 2011